

Til þingmanna, borgarfulltrúa, sveitarstjórnarmanna, Sambands íslenskra sveitarfélaga og annarra sem málið varðar eða vilja kynna sér það.

Reykjavík 8. maí 2015

Efni: Athugasemdir vegna vinnu við breytingar á uppbyggingu tónlistarnáms.

Mennta- og menningarmálaráðherra hefur viðrað hugmyndir um róttækar breytingar á fjármögnun og skipulagi tónlistarnáms á framhaldsstigi. Unnið hefur verið að málinu í ráðuneytinu og var nýverið skipaður starfshópur um nýtt fyrirkomulag á stuðningi ríkisins við framhaldsnámið. Kallað var eftir tilnefningum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborg í starfshópinn auk ráðuneytisins en ekki var leitað til samtaka tónlistarskóla eða tónlistarkennara.

Í stuttu máli eru hugmyndir ráðherra á þennan veg:

- Greiðslum frá ríki til sveitarfélaga vegna framhaldsnáms í tónlistarskólum í samræmi við samkomulag frá 2011 verði hætt. Sveitarfélög munu þar með reka sína tónlistarskóla án fjárframlags frá ríkinu.
- Þess í stað verði fjármagn veitt til eins tónlistarskóla í Reykjavík vegna framhaldsnáms í tónlist. Sá skóli verður þar með eini tónlistarskólinn í landinu sem mun bjóða upp á tónlistarnám á framhaldsstigi með sérstökum samningi við ríkið.
- Sett verði fjármagn í tónlistarnám að loknu framhaldsprófi, svokallað 4. hæfniprep.

Undirritaðir gera alvarlegar athugasemdir við þessar fyrirætlanir. Hér er um að ræða grundvallar stefnubreytingu á uppbyggingu tónlistarnáms á Íslandi og brýnt er að þeir sem um hana fjalla hafi í huga mikilvægar staðreyndir.

Verði hugmyndir ráðherra að veruleika munu afleiðingarnar að mati undirritaðra verða þessar:


- Fjárveitingar til framhaldsnáms í tónlist verða óhjákvæmilega skornar niður
- Aðgengi að tónlistarnámi minnkar
- Jafnrétti til náms með tilliti til búsetu skerðist
- Um er að ræða byggðapólitík með öfugum formerkjum
- Mat á tónlistarnámi nemenda í framhaldsskólum landsins skerðist
- Vegið er að tónlistarskólum sem hafa staðið myndarlega að framhaldsnáminu
- Slegið er á heilbrigða samkeppni um framboð á tónlistarnámi
- Valfrelsi tónlistarnema skerðist
- Óeðlilegt er ef fjármagn í 4. hæfniprepið verður á kostnað framhaldsnámsins

Meðfylgjandi greinargerð hefur verið sett saman til upplýsingar um skipulag náms í tónlistarskólum landsins, umfang þess og mat á áhrifum fyrirhugaðra breytinga. Undir þetta bréf ritar hópur tónlistarskólustjóra sem hefur þungar áhyggjur af framtíð framhaldsstigsins og framtíð hins ágæta tónlistarskólakerfis þar sem aðgengi nemenda og jafnrétti til náms hefur verið tryggt.

Fyrir hönd starfshóps skólastjórnenda um nám á framhaldsstigi í tónlist



Árni Harðarson, skólastjóri Tónlistarskóla Kópavogs



Júlíana Rún Indriðadóttir, aðstoðarskólastjóri Tónskóla Sigursveins

Greinargerð með athugasemdum

Fjármögnun tónlistarnáms á framhaldsstigi er í uppnámi og ekki hefur verið mörkuð skýr stefna af hálfu stjórnvalda um framtíð þess. Hugmyndir mennta- og menningarmálaráðherra um að ríkið hætti stuðningi við nám á framhaldsstigi um allt land og semji þess í stað við einn skóla mun hafa veruleg áhrif á tónlistarfræðslu í landinu. Eftirfarandi greinargerð er ætlað að upplýsa um skipulag og umfang náms í tónlistarskólum landsins ásamt því að færa rök fyrir því hvers vegna við teljum að fyrirhugaðar breytingar verði tónlistarnámi á Íslandi ekki til góðs.

Lagaumhverfi

Starf tónlistarskólanna í landinu byggist á lögum sem að grunni til eru frá árinu 1963 með síðari breytingum. Samkvæmt núgildandi lögum eru tónlistarskólarnir á ábyrgð sveitarfélaganna. Skal kennslukostnaður greiddur af viðkomandi sveitarfélagi og annar rekstrarkostnaður af innheimtum skólagjöldum. Árið 2011 var gert samkomulag milli ríkisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um „eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda“. Það fól í sér árlegt fjárframlag frá ríki til sveitarfélaga í gegnum Jöfnunarsjóð sem skyldi samsvara kostnaði við framhaldsnám í hljóðfæraleik og mið- og framhaldsnám í söng.

Aðalnámskrá

Skipulag og inntak náms í tónlistarskólum byggir á faglegri leiðsögn aðalnámskrár tónlistarskóla sem gefin var út af menntamálaráðuneytinu árið 2000. Miðlægt námsmat er í höndum Prófanefndar tónlistarskóla til að tryggja samræmi í mati á námsframvindu. Námsáfangar eru þrjú; grunnnám, miðnám og framhaldsnám, og lýkur hverjum áfanga með samræmdu áfangaprófi; grunnprófi, miðprófi og framhaldsprófi. Í aðalnámskrá segir: „Framhaldsnám er síðasti og jafnframt viðamesti áfangi almenns tónlistarskólanáms. Námið í heild er orðið sérhæfðara og gerir meiri kröfur til nemenda en nám á fyrri námsstigum. Gert er ráð fyrir að dugmiklir nemendur, sem ljúka framhaldsprófi, séu hæfir til að takast á við tónlistarnám á háskólastigi, hér á landi eða erlendis“. Miðað er við að hægt sé að ljúka framhaldsnámi á 3-4 árum og er námið metið til eininga í framhaldsskólum.

Umfang framhaldsnámsins

Nemendafjöldi í framhaldsnámi í tónlist á Íslandi er umtalsverður. Samkvæmt tölum frá Jöfnunarsjóði um áætlaðan nemendafjölda á yfirstandandi skólaári og könnun sem Samtök tónlistarskólastjóra gerðu meðal skólanna stunda yfir 900 nemendur tónlistarnám á framhaldsstigi í hljóðfæraleik og mið- og framhaldsstigi í söng. Af töflu sem fylgir greinargerðinni má sjá að boðið er upp á framhaldsnám í fjölmörgum skólum og í öllum landshlutum.

Þá voru samkvæmt upplýsingum frá Prófanefnd tekin 392 framhaldspróf í klassískum hljóðfæraleik og söng á árunum 2004-2014 og 1887 miðpróf. Taflan sem fylgir sýnir dreifingu prófanna á milli skóla í öllum kjördæmum. Til viðbótar eru próf Söngskólans í Reykjavík, þar sem nemendur taka próf samkvæmt prófakerfi Associated Board of the Royal Schools of Music. Í þriðju töflunni eru upplýsingar um fjölda rytmískra mið- og framhaldsprófa á árunum 2010-2014. Námskrá í rytmískri tónlist tók ekki gildi fyrr en árið 2010 og hefur rytmískum deildum í skólum landsins vaxið fiskur um hrygg í kjölfar þess.

Boðaðar breytingar og mat á áhrifum þeirra

Mennta- og menningarmálaráðherra hefur tilkynnt Söngskóla Sigurðar Demetz með bréfi dagsettu 2. mars 2015 að „af hálfu ráðuneytisins er ekki ráðgert að fjárhagslegum stuðningi verði haldið áfram með óbreyttum hætti og verið hefur frá haustmisseri 2011“. Þá hefur ráðherra greint frá þeim hugmyndum sínum, m.a. á fundi með stjórn Samtaka tónlistarskólastjóra, að ríkið hætti stuðningi við

nám á framhaldsstigi í tónlist um allt land og semji þess í stað við sameinaða stofnun tveggja tónlistarskóla í Reykjavík, Tónlistarskólans í Reykjavík og Tónlistarskóla FÍH, um þetta stóra verkefni.

Að mati undirritaðra eru þessar fyrirætlanir ráðherra byggðar á afar veikum grunni og munu verða skref afturábak fyrir tónlistarnám í landinu. Öflugt tónlistarlíf í ólíkum greinum tónlistar á Íslandi er að stórum hluta afrakstur af starfi tónlistarskólanna í meira en hálfra öld undir núverandi skipan og byggir árangur skólanna á sterkri og sveigjanlegri löggjöf. Staðhæfa má að breyting sem þessi muni kollvarpa því kennslufyrirkomulagi sem sannað hefur gildi sitt.

Aðgengi og jafnrétti til náms

Breytt skipan samkvæmt hugmyndum ráðherra mun hafa veruleg áhrif á starfsemi annarra skóla og stuðla að skertu aðgengi ungs fólks um allt land að tónlistarnámi vegna fyrirsjáanlegs niðurskurðar á fjárveitingum til framhaldsnámsins.

- Komi til framkvæmda að fjárframlög ríkisins vegna framhaldsdeilda tónlistarskólanna verði dregin til baka og samið verði við einn skóla verður ekki séð að aðrir skólar eigi möguleika á nægilegum fjárstuðningi vegna nemenda sinna. Það mun leiða til þess að þeir verða margir hverjir að leggja niður framhaldsdeildir og vísa sínum efnilegustu nemendum frá.
- Jafnrétti til náms mun skerðast verulega með tilliti til búsetu. Augljóst er að fjöldi nemenda á framhaldsskólaaldri mun hverfa frá tónlistarnámi ef nám verður ekki í boði í heimabyggð.
- Í almenna framhaldsskólakerfinu hafa nemendur átt kost á fjölbreyttu námi í heimabyggð sinni og hefur sú stefna verið lyftistöng fyrir sveitarfélögin. Þetta er dæmi um hvernig jákvæð byggðastefna hefur sannað gildi sitt. Einkennilegt væri að stefna í þveröfuga átt í tónlistarskólakerfinu. Með samþjöppun námsins væri gengið gegn þessum jákvæðu áherslum í byggðamálum.
- Samspil almenna framhaldsskólakerfisins og tónlistarskólanna hefur verið farsælt í mörgum sveitarfélögum og tónlistarnemendur hafa þar fengið nám sitt metið. Brottfall og samþjöppun framhaldsnámsins mun fækka möguleikum og námsbrautum sem nemendur hafa nú.
- Aðgengi að námi í heimabyggð er fjárhagslega hagkvæmara en nám fjarri heimahögum jafnt fyrir þá sem sækja námið, fjölskyldur þeirra og samfélagið allt.
- Nemendum sem stunda nám á framhaldsstigi ætti ekki að mismuna eftir því hvort þeir hyggjast leggja tónlist fyrir sig eða ekki. Einstaka nemendur ákveða slíkt mjög ungir en flestir gera upp hug sinn um það leyti sem þeir taka framhaldspróf. Framhaldsprófið er ekki sjálfkrafa ávísun á inngöngu í tónlistarháskóla og ekki er eðlilegt að reikna með að allir sem ljúka framhaldsprófi geri tónlist að ævistarfi. Framhaldsprófið er ekki síður mikilvægt þeim sem hyggjast leggja fyrir sig önnur störf. Þá hefur framhaldspróf reynst nemendum styrkur í samkeppni um afreksstyrki og námsvist á ólíkum sviðum í virtum háskólum hérlendis og erlendis.

Af hverju það skiptir máli að halda uppi framhaldsdeildum í fleiri skólum

Framhaldsstiginu er sinnt af metnaði í mörgum tónlistarskólum á Íslandi. Hámenntaðir kennarar með langa starfsreynslu eru vel færir um að kenna nemendum á framhaldsstigi hvar á landinu sem er. Fjöldi nemenda stundar nú nám í erlendum tónlistarháskólum og Listaháskóla Íslands eftir að hafa lokið framhaldsprófi úr ýmsum tónlistarskólum.

- Framhaldsdeildirnar skipta miklu máli fyrir starf skólanna, því breiddin í getu nemenda og framboði tónlistargreina býður upp á fjölbreyttara og gróskumeira starf en ella. Að heyra og fylgjast með þeim sem lengst eru komnir er hvetjandi fyrir unga nemendur.
- Aðbúnaður og húsakostur margra tónlistarskóla er góður og býður upp á mikla möguleika fyrir námsumhverfi nemenda á framhaldsstigi.
- Það eflir starf tónlistarkennara að eiga þess kost að kenna nemendum á ólíkum námsstigum og gerir það eftirsóknarverðara. Vanhugsuð breyting gæti orðið til þess að tónlistarskólar misstu eftirsóttá kennara, sem kæmi niður á gæðum skólafarsins.

- Framhaldsdeildirnar hafa menningarlegt gildi fyrir sveitarfélögin. Þeir sem koma fram á menningarviðburðum utan skólans eru oftast en ekki þeir sem lengst eru komnir í námi.
- Framhaldsnámið er mikilvægur hlekkur í tónlistarsamstarfi milli skóla. Það er víða í miklum blóma, eins og t.d. Sinfóníuhljómsveit tónlistarskólanna ber vitni um, en hljómsveitin er samstarfsverkefni nokkurra stærri tónlistarskóla og er borin uppi af framhaldsnámsnemendum. Einnig hafa skólar samstarf um masterklassa, námskeið og kennslu í tónfræðagreinum á framhaldsstigi, endurmenntunarnámskeið fyrir kennara og stjórnendur tónlistarskólanna, svo eitthvað sé nefnt. Öll slík samvinna stuðlar að hagkvæmni í rekstri tónlistarskólanna.

Samkeppni og valfrelsi

Sjálfstæði skóla, frumkvöðlastarf, fjölbreytni og valfrelsi í námi ber að efla enn frekar með heilbrigðri samkeppni. Það á jafnt við í tónlistarskólum sem og í öðrum skólum.

- Með þeirri aðferð að handvelja „ríkisskóla“ er slegið á heilbrigða samkeppni um framboð á tónlistarnámi.
- Með þeirri mismunun sem felst í að beina fjárframlögum til eins skóla umfram aðra tónlistarskóla sem starfa eftir aðalnámskrá er vegið að starfi þeirra og veldur þeim skaða.
- Með samþjöppun framhaldsnámsins í einum skóla er valfrelsi nemenda skert. Það er grundvallaratriði að nemendur í framhaldsnámi hafi val um tónlistarkennara.
- Algengt er að nemendur sem komnir eru í framhaldsnám í tónlistarskóla séu enn á grunnskólaaldri. Að hafa ekki annað val að loknu miðprófi en að þurfa að færa sig um set eða sækja námið um langan veg hjá nýjum kennara í nýjum skóla getur skapað verulegan vanda hjá svo ungum nemendum og þeirra fjölskyldum.

Nám að loknu framhaldsprófi

Samkvæmt aðalnámskrá tónlistarskóla er nám að loknu framhaldsprófi skilgreint á háskólastigi. Í fyrrnefndu bréfi mennta- og menningaráráðherra til Söngskóla Sigurðar Demetz kemur fram að væntanlegur starfshópur um stuðning ríkisins við framhaldsnámið eigi jafnframt að fjalla um stuðning við tónlistarnám á svokölluðu 4. hæfniprepi. Gera má ráð fyrir að undir það falli hópur nemenda í nokkrum tónlistarskólum sem stundar nú nám að loknu framhaldsprófi án þess að um formlegt háskólanám sé að ræða.

Að finna þessu stað í skipulagi tónlistarnáms er afmarkað verkefni utan núgildandi aðalnámskrár og óeðlilegt er að sérstakt fjármagn í þetta námsstig verði á kostnað framlaga til framhaldsnáms samkvæmt námskrá. Ef skapa á sérstaka umgjörð um 4. hæfniprepið, faglega og fjárhagslega, er eðlilegt að skoða það í samhengi við það háskólanám sem fyrir er, þ.e. innan Listaháskóla Íslands. Ýmsar leiðir koma til greina til að útfæra þetta, s.s. með samningum við einstaka skóla um tiltekna þætti eða samstarfi LHÍ við aðra skóla. Það er einnig aðkallandi að koma á samstarfi um kennaranám í tónlist innan og utan LHÍ þannig að námið teljist á háskólastigi og allir nemendur njóti réttinda samkvæmt því. Meðfram því þarf að efla kennaranám innan LHÍ sem uppfyllir kröfur Bologna samkomulagsins um menntun tónlistarkennara. Í því sambandi eru tækifæri til að nýta það samstarf sem LHÍ á við marga erlenda tónlistarháskóla og gefur nemendum kost á að taka hluta af námi sínu erlendis.

Lokaorð

Markmið þeirra breytinga sem fyrirhugaðar eru samkvæmt hugmyndum ráðherra eru höfundum þessarar greinargerðar óljós, enda hafa hvorki samtök skólastjórnenda né kennara verið kölluð til samráðs og engin fagleg umræða hefur farið fram. Ef markmiðið er hagræðing verður ekki séð að hún náist með samþjöppun framhaldsnámsins innan einnar stofnunar. Meginþáttur námsins er einkakennsla sem hefur sama kostnað í för með sér hvar sem hún fer fram. Ef hér á að leysa ágreining ríkis og einstakra sveitarfélaga um framkvæmd samkomulagsins frá 2011 er með þessum fyrirætlunum verið að reisa nýjar girðingar og nýjar hindranir. Ef ætlunin er að leysa fjárhagsvanda framhaldsstigsins í tónlist með þessari leið er verið að skapa alvarlegan vanda fyrir fjölda tónlistarnemenda, tónlistarskóla og sveitarfélög. Ef markmiðið er að fækka

nemendum á framhaldsstigi í tónlist er verið að þrengja leiðina til háskólanáms í listum og um leið að fækka mögulegum verkamönnum hinna skapandi atvinnugreina framtíðarinnar. Það er erfitt að koma auga á kostina við þessar hugmyndir en gallarnir eru augljósir.

Endurskoðun laga um tónlistarskóla er málefni sem varðar heildarskipulag tónlistarfræðslunnar og þar með alla tónlistarskóla og þau sveitarfélög sem að þeim standa. Markmiðið á að vera að löggjöfin verði styrkt og tónlistarfræðslunni verði tryggt starfsöryggi til framtíðar. Ákvarðanir um framhaldsnám í tónlist verða að taka mið af þeim veruleika sem við búum við og hefur verið farsæll fyrir tónlistarlífið í landinu. Árangurinn byggir á hinni sveigjanlegu og opnu löggjöf sem örvar frumkvæði í skólastarfi og sjálfstæði skóla. Að umræðum um þetta mikilvæga málefni þurfa allir að koma, tónlistarskólarnir, kennararnir, sveitarfélögin og mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Reykjavík, 8. maí 2015

Starfshópur skólastjórnenda um nám á framhaldsstigi í tónlist

Árni Harðarson, skólastjóri Tónlistarskóla Kópavogs
Gunnar Gunnarsson, skólastjóri Tónlistarskóla Hafnarfjarðar
Helgi Bragason, aðstoðarskólastjóri Tónlistarskóla Hafnarfjarðar
Júlíana Rún Indriðadóttir, aðstoðarskólastjóri Tónskóla Sigursveins
Kristín Stefánsdóttir, aðstoðarskólastjóri Tónlistarskóla Kópavogs
Laufey Ólafsdóttir, skólastjóri Tónlistarskóla Garðabæjar
Sigurður Sævarsson, skólastjóri Nýja tónlistarskólans
Sigursveinn Magnússon, skólastjóri Tónskóla Sigursveins

Eftirtaldir skólastjórnendur lýsa yfir stuðningi við greinargerðina

Árni Sigurbjarnarson, skólastjóri Tónlistarskóla Húsavíkur
Eiríkur Stephensen, skólastjóri Tónlistarskóla Eyjafjarðar
Haraldur Árni Haraldsson, skólastjóri Tónlistarskóla Reykjanesbæjar
Helga Sighvatsdóttir, aðstoðarskólastjóri Tónlistarskóla Árnesinga
Jóhann Morávek, skólastjóri Tónskóla Austur Skaftafellssýslu
Jóhanna Guðmudsdóttir, skólastjóri Tónlistarskóla Stykkishólms
Karen Janine Sturlaugsson, aðstoðarskólastjóri Tónlistarskóla Reykjanesbæjar
Lárus Sighvatsson, skólastjóri Tónlistarskólans á Akranesi
Róbert A. Darling, skólastjóri Tónlistarskóla Árnesinga
Sigríður Árnadóttir, skólastjóri Tónlistarskólans í Grafarvogi
Sigríður Ragnarsdóttir, skólastjóri Tónlistarskólans á Ísafirði
Stefán Ómar Jakobsson, aðstoðarskólastjóri Tónlistarskóla Hafnarfjarðar
Stefán Sigurjónsson, skólastjóri Tónlistarskóla Vestmannaeyja
Svanhvít Sigurðardóttir, skólastjóri Tónskóla Hörpunnar
Sveinn Sigurbjörnsson, skólastjóri Tónlistarskóla Skagafjarðar
Theodóra Þorsteinsdóttir, skólastjóri Tónlistarskóla Borgarfjarðar
Valdimar Músson, skólastjóri Tónlistarskóla Fáskrúðsfjarðar og Stöðvarfjarðar

Meðfylgjandi:

Tafla 1: Dreifing nemenda á framhaldsstigi haustið 2014

Tafla 2: Fjöldi klassískra mið- og framhaldsprófa 2004-2014, skipt eftir kjördæmum

Tafla 3: Fjöldi rytmískra mið- og framhaldsprófa 2010-2014, skipt eftir kjördæmum

Dreifing nemenda á framhaldsstigi haustið 2014

Tónlistarskólar í Reykjavík	Nemendur á framhaldsstigi í hljóðfæraleik og mið- og framhaldsstigi í einsöng
Nýi tónlistarskólinn	38
Söngskólinn í Reykjavík *	112
Söngskóli Sigurðar Demetz	59
Tónlistarskóli FÍH	110
Tónlistarskólinn í Reykjavík	129
Tónskóli Sigursveins	67
Aðrir skólar í Reykjavík	40
Samtals	555
Tónlistarskólar í nágrenni Reykjavíkur	
Tónlistarskóli Kópavogs	78
Tónlistarskóli Seltjarnarness	9
Tónlistarskóli Garðabæjar	35
Tónlistarskóli Hafnarfjarðar	41
Listaskóli Mosfellsbæjar	14
Samtals	177
Önnur sveitarfélög	
Tónlistarskóli Reykjanesbæjar	27
Tónlistarskóli Árnesinga	37
Tónlistarskólinn á Akranesi	29
Tónlistarskólinn á Akureyri	51
Önnur sveitarfélög	40
Samtals	184
Alls á landinu:	916

* Nemendur Söngskólans í Reykjavík taka próf samkvæmt prófakerfi Associated Board of the Royal Schools of Music og koma því ekki fram í töflunni frá Prófanevnd tónlistarskóla um fjölda mið- og framhaldsprófa.

Prófanefnd tónlistarskóla

Fjöldi klassískra mið- og framhaldsprófa 2004-2014, skipt eftir kjördæmum

Reykjavíkurborg kjördæmi norður og suður	Miðpróf	Miðpróf %	Frhpróf	Frhpróf %
Allegro Suzukitónlistarskóli	27	1.4%		
Tónskólinn DoReMi	34	1.8%		
Domus vox	33	1.7%		
Tónlistarskóli FÍH	38	2.0%	6	1.5%
Nýi tónlistarskólinn	66	3.5%	16	4.1%
Söngskóli Sigurðar Demetz	54	2.9%	30	7.7%
Suzukitónlistarsk. í Reykjavík	53	2.8%	3	0.8%
Tónlistarskólinn í Reykjavík	111	5.9%	60	15.3%
Tónlistarskólinn í Grafarvogi	46	2.4%	5	1.3%
Tónskóli Sigursveins	165	8.7%	40	10.2%
Tónskóli Björgvins	20	1.1%		
Tónmenntask. Reykjavíkur	52	2.8%		
Skólahljómsveitir	41	2.2%		
Aðrir skólar/einkanemendur	60	3.2%	8	2.0%
Samtals	800	42.4%	168	42.9%
Suðvesturkjördæmi				
Listaskóli Mosfellsbæjar	39	2.1%	9	2.3%
Tónlistarskóli Garðabæjar	103	5.5%	26	6.6%
Tónlistarskóli Hafnarfjarðar	118	6.3%	32	8.2%
Tónlistarskóli Kópavogs	161	8.5%	44	11.2%
Tónlistarskóli Seltjarnarness	72	3.8%	3	0.8%
Skólahljómsveit Kópavogs	14	0.7%		
Samtals	507	26.9%	114	29.1%
Norðvesturkjördæmi				
Tónlistarskólinn á Akranesi	36	1.9%	4	1.0%
Tónlistarskóli Borgarfjarðar	44	2.3%	8	2.0%
Tónlistarskóli Stykkishólms	20	1.1%	5	1.3%
Tónlistarskóli Ísafjarðar	44	2.3%	4	1.0%
Aðrir skólar	14	0.7%	1	0.3%
Samtals	158	8.4%	22	5.6%
Norðausturkjördæmi				
Tónlistarskólinn á Akureyri	109	5.8%	45	11.5%
Tónlistarskóli Húsavíkur	31	1.6%	5	1.3%
Aðrir skólar	67	3.6%	12	3.1%
Samtals	207	11.0%	62	15.8%
Suðurkjördæmi				
Tónskóli Austur-Skaftafellssýslu	24	1.3%		
Tónlistarskóil Árnesinga	83	4.4%	9	2.3%
Tónlistarskóli Rangæinga	26	1.4%	4	1.0%
Tónlistarskóli Reykjanesbæjar	55	2.9%	9	2.3%
Tónlistarskóli Vestmannaeyja	20	1.1%	2	0.5%
Aðrir skólar	7	0.4%	2	0.5%
Samtals	215	11.4%	26	6.6%
Samtals á landinu	1887	100.0%	392	100.0%

Fjöldi rytmískra mið- og framhaldsprófa 2010-2014, skipt eftir kjördæmum

Reykjavíkurbjörgæmi norður og suður	Miðpróf	Miðpróf %	Frhpróf	Frhpróf %
Tónlistarskóli FÍH	115	72.3%	70	92.1%
Tónskóli Sigursveins	1	0.6%		
Samtals	116	73.0%	70	92.1%
Suðvesturkjördæmi				
Listaskóli Mosfellsbæjar	2	1.3%		
Tónlistarskóli Garðabæjar	3	1.9%	2	2.6%
Tónlistarskóli Hafnarfjarðar	1	0.6%		
Tónlistarskóli Seltjarnarness	6	3.8%	1	1.3%
Tónsalir	7	4.4%		
Samtals	19	11.9%	3	3.9%
Norðvesturkjördæmi				
Tónlistarskólinn á Akranesi	1	0.6%	1	1.3%
Samtals	1	0.6%	1	1.3%
Norðausturkjördæmi				
Tónlistarskólinn á Akureyri	8	5.0%		
Samtals	8	5.0%	0	0.0%
Suðurkjördæmi				
Tónlistarskóli Árnesinga	4	2.5%	1	1.3%
Tónlistarskóli Reykjanesbæjar	7	4.4%	1	1.3%
Tónsmiðja Suðurlands	4	2.5%		
Samtals	15	9.4%	2	2.6%
Samtals á landinu	159	100.0%	76	100.0%